

Útboðslýsing

Akta Virðis I hs.

Apríl 2026

YFIRLÝSING

Útboðslýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum í Akta Virði I hs.

Sjóðurinn er rekinn af Akta sjóðum hf., kt. 430713-0940, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Akta sjóðir hf. lýsa því hér með yfir að útboðslýsing þessi sé samkvæmt bestu vitund í fullu samræmi við staðreyndir. Jafnframt að engu mikilvægu atriði sé sleppt er gæti haft áhrif á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Útboðslýsing þessi er undirrituð með fullgildri rafrænni undirritun í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Undirritunarsíða fylgir útboðslýsingu þessari. Hver sá aðili sem undirritar hana fyrir hönd lögaðila lýsir því yfir og ábyrgist að hann hafi fullnægjandi umboð, samkvæmt þeim lögum, reglum og samþykktum sem um hlutaðeigandi lögaðila gilda, að hann sé bær til að skuldbinda hann í samræmi við útboðslýsingu þessa.

Útboðslýsing þessi tekur gildi þann 17. apríl 2026.

Stjórn Akta sjóða hf.
17. apríl 2026

Agla Elísabet Hendriksdóttir
stjórnarformaður

Daníel Pálmason
stjórnarmaður

Jóhann Gunnar Jóhannsson
stjórnarmaður

(Rafræn undirritunarsíða fylgir)

HELSTU ATRÍÐI ÚR ÚTBODSLÝSINGU

Almennt	Akta Virði I hs. („Akta Virði I“ eða „sjóðurinn“). Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Fjárfestingarheimildir Akta Virðis I hs. koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingar. Kennitala sjóðsins er 650326-9970.
Grunnmynt	Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna (ISK).
Starfsemi	Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fjár frá almenningi sem og fagfjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.
Rekstraraðili	Akta sjóðir hf., kt. 430713-0940, Borgartúni 25, 105 Reykjavík („Akta“ eða „rekstraraðili“).
Vörsluaðili	Kvika banki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, annast umsjá og varðveislu fjármálagerninga sjóðsins.
Söluaðili	Upplýsingar um söluaðila á hverjum tíma og fyrirkomulag viðskipta með hlutdeildarskírteini er hægt að nálgast hjá Akta sjóðum hf. eða á heimasíðu rekstraraðila, www.akta.is .
Kaup- og sölugengi	Enginn gengismunur er á kaup- og sölugengi Akta Virðis I, og því sama kaupgengi (innlausnarvirði) og sölugengi. Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað út daglega og að jafnaði birt daglega, en eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði.
Innlausnartími	Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir á innlausnardegi. Lokunartími er kl. 12:00. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+2, þ.e.a.s. það á sér stað á öðrum bankadegi (dagur sem bankar eru almennt opnir í Reykjavík) eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru komin til sjóðsins.
Arðgreiðslur	Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
Fjárhæð	Lágmarksfjárfesting í sjóðnum er 10.000 kr. að söluverði, einnig í áskrift.
Réttindi	Allir sem eiga hlutdeildarskírteini að sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Athygli fjárfesta er vakin á því að öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Sveiflur geta orðið í ávöxtun bréfa sem sjóðurinn fjárfestir í og enn fremur getur samsetning verðbréfavals sjóðsins og/eða aðferðir við stýringu hans s.s. notkun afleiðna leitt til meiri sveiflna en ella. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Þá er á það bent að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Athygli fjárfesta er jafnframt vakin á því að til þess að Akta geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt útboðslýsingu þessari er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar, í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og viðeigandi reglur. Akta hefur sett sér persónuverndarstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins, www.akta.is.

Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á starfsstöð Akta sjóða hf. að Borgartúni 25 og á heimasíðu Akta.

1. Upplýsingar um sjóðinn

1.1. Heiti

Sjóðurinn heitir Akta Virði I hs.

1.2. Stofndagur

Sjóðurinn var stofnaður þann 17. Apríl 2026. Akta Virði I starfar samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (hér eftir nefnd „**lög nr. 45/2020**“). Akta sjóðir hf. annast rekstur sjóðsins.

1.3. Um sjóðinn og skipulag hans

Akta Virði I hs., kt. 650326-9970, er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og byggir starfsheimildir sínar á X. kafla laga nr. 45/2020. Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi. Grunnmynt sjóðsins er ISK (íslenskar krónur). Sjóðurinn hefur aðskilinn fjárhag innan rekstraraðila og lýtur fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

1.4. Reglulegar skýrslur og upplýsingar

Allar upplýsingar um sjóðinn, útgefna skýrslur, ársreikninga, útboðslýsingu þessa, lykilupplýsingar og reglur sjóðsins má nálgast án endurgjalds hjá Akta sjóðum hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík, fyrir og eftir samningagerð.

1.5. Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996, ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Kvika banki hf., vörsluaðili Akta sjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalega heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum.

1.6. Birting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar

Eins og skylt er skv. 45. gr. laga nr. 45/2020 birtast sérgreindar upplýsingar fyrir sjóðinn í ársreikningi rekstraraðila. Reikningsár rekstraraðila er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok apríl ár hvert og árshlutauppgjör skal vera birt fyrir septemberlok. Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðanda. Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af verðbréfum í eigu sjóðsins verður ekki greiddur út heldur bætt við höfuðstól sjóðsins, og þannig ráðstafað til endurfjárfestinga samkvæmt fjárfestingastefnu sjóðsins.

1.7. Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni í hendur fá kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki, kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020. Hlutdeildarskírteinin eru gefin út af rekstraraðila sjóðsins rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands og skráð á nafn eða á safnreikning hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki. Um útgáfuna gilda lög nr. 7/2020, um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, sbr. 3. og 4. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020.

Allir eigendur hlutdeildarskírteina Akta Virðis hs. eiga sama rétt til tekna og eigna viðkomandi sjóðs í hlutfalli við eign sína og gilda skírteinin sem staðfesting á tilkalli til eignar í sjóðnum.

Hlutdeildarskírteini fylgir ekki atkvæðisréttur og hafa eigendur hlutdeildarskírteina því hvorki rétt til áhrifa á fundum í Akta sjóðum hf. né á starfsemi Akta Virðis hs.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til Akta sjóða hf. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrá og heimildar tilkynningar getið. Aðili, sem eignast hlutdeildarskírteini við nauðungarsölu eða á annan hátt án atbeina eiganda, skal þegar í stað tilkynna Akta sjóðum hf. um eigendaskiptin.

Akta sjóðir hf. fara með æðsta vald í málefnum sjóðsins og geta gert breytingar á reglum hans. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast þó ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020. Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins.

1.8. Slit sjóðsins og samruni

Stjórn Akta sjóða hf. tekur ákvörðun um slit sjóðsins og samruna hans við aðra sjóði. Ástæður sem gætu legið að baki slíkrar ákvörðunar er t.d. ef stærð sjóðs fer undir lögbundna lágmarksfjárhæð eða ef markaðsaðstæður eru á þann veg að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa eru best varðir með því að slíta sjóðnum eða sameina hann öðrum sjóði.

Tilkynna skal ákvörðun um samruna sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblaði. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa um samruna skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku samrunans. Á því tímabili sem líður frá því rekstraraðili sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykktir hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Tilkynna skal ákvörðun um slit sjóðsins sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblaði. Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa um slit skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og tilgreinda dagsetningu gildistöku slita. Komi til slita sjóðsins skal Akta sjóðir hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Rekstraraðila er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (innlausn „in kind“), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörð sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Akta sjóðum hf., í þágu þeirra er í hlut eiga.

1.9. Skráning hlutdeildarskírteina

Viðskipti með hlutdeildarskírteini fara ekki fram á skipulegum verðbréfamörkuðum og eru hlutdeildarskírteini í sjóðnum því hvorki tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland eða á öðrum skipulegum verðbréfamörkuðum.

1.10. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini verða eingöngu seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Akta sjóðir hf. annast útgáfu hlutdeildarskírteina í einingaformi til þeirra aðila sem eiga tilkall til hlutdeildar í sjóðnum. Heimilt er að gefa skírteinin út sem rafréfi.

Kaup og sala hlutdeildarskírteina í sjóðnum fer fram hjá Akta sjóðum hf. og Kvikubanka hf. og öðrum söluaðilum á hverjum tíma. Nánari upplýsingar um söluaðila á hverjum tíma og fyrirkomulag viðskipta með hlutdeildarskírteini er hægt að nálgast hjá Akta sjóðum hf. eða á heimasíðu rekstraraðila.

1.11. Tilhögun og skilyrði fyrir innlausn/flutningi hlutdeildarskírteina og við hvaða aðstæður megi fresta innlausn

Akta sjóðir hf. innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu þeirra sem eiga hlutdeild í sjóðnum. Viðskiptatími sjóðsins er frá kl. 09:00 til 12:00 alla viðskiptadaga. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina er T+2, þ.e.a.s. það á sér stað á öðrum bankadegi (dagur sem bankar eru almennt opnir í Reykjavík) eftir að fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru komin til sjóðsins.

Allar upplýsingar um kostnað við kaup og sölu hlutdeildarskírteina, innlausnargengi og aðrar upplýsingar sem eru gagnlegar fyrir eigendur hlutdeildarskírteina eru birtar á heimasíðu Akta sjóða hf., www.akta.is.

Fyrir innlausnarupphæðir sem nema yfir 10% af hreinni eign sjóðsins, þó ekki lægra en 100 m.kr., hafa Akta sjóðir hf. heimild til að framkvæma innlausn hlutdeildarskírteina að hluta eða öllu leyti með því að framselja til hlutdeildarskírteinishafa verðbréf og fjármálagerninga sjóðsins og aðrar eignir hans í sömu hlutföllum og svara til hlutdeildar viðkomandi í sjóðnum (innlausn „in kind“). Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 45/2020 uppfyllt.

1.12. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna

Við útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er farið eftir 88. gr. laga nr. 45/2020 auk þeirra stjórnvaldsreglna sem gilda hverju sinni um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta á Íslandi. Innlausnarvirði þeirra sem eiga hlutdeild í Akta Virði I hs. er heildarmarkaðsvirði eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, árangurstengdri þóknun, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

Allur hagnaður og arður af verðbréfaeign sjóðsins, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur sjóðsins, leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

1.13. Upplýsingar um fjárfestingar

Akta Virði I hefur sína eigin fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn er bundinn af fjárfestingarstefnu eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins með hliðsjón af þeim fjárfestingarheimildum sem koma fram í B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020 (sjá viðauka I við útboðslýsingu þessa).

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins fela í sér þær áherslur sem stjórn Akta sjóða hf. telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum sjóðsins. Stjórn Akta sjóða hf. getur að fengnum tillögum sjóðstjóra eða að eigin frumkvæði breytt markmiðum þessum hvenær sem er en allar breytingar skulu sendar Fjármálaeftirlitinu til samþykktar. Breyting á fjárfestingarstefnu felur í sér breytingu á reglum Akta Virðis I og öðlast breyting því ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta gildistöku í allt að þrjú mánuði frá staðfestingu ef ástæða er til, sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020. Rekstraraðila ber að tilkynna eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá þeirri tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 85. gr. sömu laga.

1.14. Fjárfestingarmarkmið og stefna Akta Virðis

Rekstraraðili sjóðsins hefur afmarkað fjárfestingarstefnu hans. Fjárfestingarstefnan felur í sér þær áherslur sem stjórn rekstraraðila telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum sem skráð eru á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga á Íslandi, en einnig hlutabréfum skráðum á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga erlendis, að því gefnu að þau séu jafnframt skráð á slíkan markað eða markaðstorg á Íslandi.

Yfirlit yfir fjárfestingarstefnu og heimildir sjóðsins er útlistað í töflu hér að neðan (vægi miðast við vægi af hreinni eign sjóðsins nema að annað sé tekið fram). Um fjárfestingarheimildir sjóðsins gilda einnig ákvæði B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020.

Eignaflokkur	Vægi alls
Hlutabréf	50 – 100%
- Þar af hlutabréf skráð á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga á Íslandi	0 – 100%
- Þar af hlutabréf skráð á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga erlendis sem eru einnig skráð á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga á Íslandi	0 – 100%
- Þar af óskráð hlutabréf*	0 – 15%
Skuldabréf	0 – 50%
- Þar af skuldabréf og víxlar útgefnir af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0 – 50%
- Þar af önnur skuldabréf og peningamarkaðsgerningar	0 – 30%
- Þar af óskráð skuldabréf*	0 – 15%
Annað	
Innlán fjármálafyrirtækja	0 – 50%
Skortstöður í hlutabréfum	0 – 20%
Hlutdeildarskírteini í sjóðum sem fjárfesta aðallega í skammtíma-fjármálagerningum	0 – 20%
Afleiður ofl.	0 – 50%
Þar af verðbréfalánveiting**	0-20%
Þar af vegna gjaldeyrisvarna	0-30%
Þar af valréttir	0-30%
Þar af vegna stöðutöku í hlutabréfum	0-20%

* Hámark 15% óskráð verðbréf samanlagt

**Hámark verðbréfalánveitingar nemur 20% af eignum sjóðsins.

Nánar um fjárfestingarstefnu sjóðsins

Skráð verðbréf

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta að lágmarki 50% og að hámarki 100% af eignum í hlutabréfum sem skráð eru á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga á Íslandi eða erlendis sem jafnframt er þá skráð á slíkan markað eða markaðstorg á Íslandi.

Sjóðurinn hefur jafnframt heimild til að fjárfesta í skuldabréfum og peningamarkaðsgerningum, útgefnum af innlendum félögum, fyrir allt að 30% af eignum sjóðsins.

Óskráð verðbréf

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 15% af eignum sjóðsins í óskráðum innlendum verðbréfum en fjárfesting sjóðsins í óskráðum verðbréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum sjóðsins sbr. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020.

Skuldabréf og víxlar útgefin af ríki eða með ábyrgð þess

Þá hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta 0–50% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Fjármálaeftirlitið hefur veitt sjóðnum heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 50% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum með ábyrgð íslenska ríkisins. Í slíkum tilvikum skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Skortsala

Sjóðurinn hefur heimild til skortsölu á skráðum innlendum hlutabréfum sbr. 3. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Sjóðurinn hefur heimild til þess að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sbr. 6. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020.

Innlán fjármálafyrirtækja

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í innlánum fjármálafyrirtækja fyrir allt að 50% af eignum sjóðsins.

Samningar um verðbréfalán

Sjóðurinn hefur heimild til að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Sjóðurinn getur þannig gert samninga um verðbréfalán gegn fullnægjandi tryggingum að hámarki sem nemur 20% af eignum sjóðsins. Til fullnægjandi trygginga myndu til dæmis teljast innlán eða ríkisskuldabréf. Verðbréfalánasamningar skulu teljast með afleiðuheimildum sjóðsins og ekki fara fram úr mörkum sem fjárfestingastefna setur slíkum samningum. Verðbréfalánasamningar felast í því að sjóðurinn semur um að lána til annars aðila tiltekin verðbréf og sá aðili skuldbindur sig til að skila sams konar verðbréfum (t.d. sama hlutabréfi og þá jafnmörgum fjölda hluta) að liðnum ákveðnum skilgreindum tíma. Þegar samningstíminn er liðinn er viðkomandi verðbréfum (eða sams konar verðbréfum) skilað auk þess sem sjóðurinn fær greidda þóknun fyrir lánið.

Afleiður

Sjóðurinn hefur heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmargana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 4. og 5. tl. 89. gr. og 92. gr. laga 45/2020. Markmið viðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingaráhættu og vaxtaáhættu, og hins vegar að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Sjóðurinn getur nýtt sér kosti framvirkra samninga, valréttá eða skiptasamninga, þ.m.t. heildarskiptasamninga. Sjóðurinn hefur einnig heimild til að gera samninga um verðbréfalán gegn fullnægjandi tryggingum.

Takmarkanir á vægi einstakra útgefanda

Sjóðnum er heimilt að binda að hámarki 25% af eignum sjóðsins í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Ef vægi verðbréfa eins útgefanda er umfram 20% af eignum sjóðsins skal vægi annarra einstaka útgefanda vera að hámarki 20%. Fjármálaeftirlitið hefur þó veitt sjóðnum heimild skv. 6. mgr. 93. gr. laga nr. 45/2020 til að binda allt að 50% af eignum sjóðsins í skuldabréfum og víxlum útgefnum af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess. Í þeim tilvikum sem framangreind heimild er nýtt skulu fjárfestingar sjóðsins dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur viðkomandi útgefanda og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Að öðru leyti er sjóðurinn bundinn takmörkunum á vægi einstakra útgefanda í samræmi við 93. og 94. gr. laga nr. 45/2020.

1.15. Áhætta

Almennt

Almennt

Öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti.

Fjárfesting í sjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Áhættustig sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta er þó mismunandi og fer áhættustigið eftir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfesting í sjóðum er jafnan hugsuð til langs tíma. Virði fjárfestinga getur lækkað jafnt sem hækkað þannig að fjárfestar geta fengið minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um hver ávöxtun verður í framtíð. Mælt er með því að þeir fjárfestar sem hug hafa á kaupum í Akta Virði hs. íhugi vel þær fjárhagslegu afleiðingar sem kaupin kunna að hafa í för með sér.

Hafa skal í huga að útboðslýsing þessi er samin miðað við þær forsendur að ytri aðstæður, s.s. skattareglur haldist óbreyttar til framtíðar.

Áhættuflokkun

Akta hefur skipt sjóðum í rekstri félagsins í sjö flokka eftir staðalfráviki daglegrar ávöxtunar síðustu 2-5 ára. Flokkur 1 ber minnstu sveiflurnar í ávöxtun en flokkur 7 mestu sveiflurnar. Flokkun sjóðs getur breyst ef sveiflur undirliggjandi fjármálagerninga taka breytingum. Flokkunin grundvallast á leiðbeiningum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni (e. ESMA – áður CESR) um útreikning mælikvarðans. Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta kunna að búa við í rekstri sínum.

Áhættulýsing Akta Virðis I hs.

Fjármálagerningar: Hlutabréf í félögum skráð á skipulegan markað eða markaðstorg fjármálagerninga á Íslandi og hlutabréf í félögum skráð á erlendan markað sem jafnframt eru skráð á markað á Íslandi, óskráð innlend verðbréf, innlán fjármálafyrirtækja, skuldabréf og víxlar með ríkisábyrgð, fyrirtækjaskuldabréf, skortstöður í hlutabréfum, hluteildarskírteini sérhæfðra sjóða, skuldabréf með breytirétti, verðbréfalánveiting, peningamarkaðsgerningar, valréttir og afleiður vegna stöðutöku eða áhættuvarna.

Sveiflur í ávöxtun: Töluverðar verðsveiflur.

Fjárfestingartími: Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í a.m.k. 3 ár eða lengur og þola töluverðar verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af dreifðu verðbréfasafni.

Fyrirhugaður fjárfestir: Sjóðurinn er ætlaður almenningi og fagfjárfestum sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu í rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé sitt á innlendum hlutabréfamarkaði í a.m.k. 3 ár eða lengur og skilja að fjárfestingin getur lækkað jafnt sem hækkað og þola töluverðar verðsveiflur. Til að fjárfesta í sjóðnum er ekki krafist sérstakrar þekkingar né reynslu á fjármálamörkuðum eða af fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

I. Áhætta hlutabréfa

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í hlutabréfum, bæði skráðum og óskráðum. Sveiflur á virði hlutabréfa eru tíðar, bæði upp og niður. Slíkar sveiflur á virði hlutabréfa geta orðið fyrirvaralaust og leitt til þess að þau falli verulega í verði. Sveiflur á gengi hlutabréfa geta tengst rekstri fyrirtækja, þ.e. að virði hlutabréfa sveiflist í takt við nýjar upplýsingar sem tengjast rekstri fyrirtækisins, samkeppnisaðila þess eða viðkomandi atvinnugrein. Almennur efnahagur á alþjóðavettvangi og innanlands, getur einnig haft áhrif á gengi hlutabréfa. Auk þess geta markaðsaðstæður haft áhrif á gengi hlutabréfa, s.s. væntingar fjárfesta sem byggjast á huglægum þáttum frekar en að almennar horfur gefa tilefni til varðandi rekstur og almennan efnahag, sveiflur í gjaldmiðlum, vaxtaþróun hverju sinni og markaðsaðstæður á verðbréfamörkuðum. Þá hefur þróun vaxta til lengri tíma einnig áhrif á gengi hlutabréfa.

Engin loforð eru veitt um endurgreiðslu þegar fjárfest er í formi hlutabréfa, enda eru fjárfestar hlutabréfa hluthafar fyrirtækja en ekki lánardrottinnar. Þeir njóta því velgengni fyrirtækja, þegar rekstur og markaðsaðstæður eru hagstæðar, en hafa minni kröfurétt til fyrirtækja þegar/ef þau lenda í rekstrar- og/eða greiðsluferfiðleikum.

II. Áhætta skuldabréfa

Verðmæti skuldabréfa getur breyst, en almennt ekki í sama mæli og verðmæti hlutabréfa. Sveiflur í virði skuldabréfa geta þó orðið fyrirvaralaust og leitt til þess að þau falli verulega í verði. Sveiflur á gengi skuldabréfa geta tengst rekstri fyrirtækja, þ.e. að virði skuldabréfa sveiflist í takt við nýjar upplýsingar sem tengjast rekstri fyrirtækisins, samkeppnisaðila þess eða viðkomandi atvinnugrein. Almennur efnahagur getur einnig haft áhrif á gengi skuldabréfa og efnahagslægd kæmi til með að hafa áhrif á gengi skuldabréfa sem útgefin eru af ríkisstjórn þess lands þar sem efnahagslægd á sér stað. Auk þess geta markaðsaðstæður haft áhrif á gengi skuldabréfa, s.s. væntingar fjárfesta sem byggjast á sálfræðilegum þáttum frekar en almennar horfur gefa tilefni til varðandi rekstur og almennan efnahag, sveiflur í gjaldmiðlum, vaxtaþróun hverju sinni og markaðsaðstæður á verðbréfamörkuðum. Þróun vaxta til lengri tíma hefur einnig áhrif á gengi skuldabréfa og kemur slík þróun oft fram með skýrari hætti í virði skuldabréfa en hlutabréfa. Lánshæfismöt fyrirtækja og ríkisstjórna hafa einnig áhrif á gengi skuldabréfa,

en slík lánsþæfismöt eru almennt tengd rekstrarhorfum og efnahagsreikningum fyrirtækja og efnahagshorfum viðkomandi ríkis.

Gengi skuldabréfa er meðal annars háð þróun markaðsvaxta. Þannig falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði ef vextir hækka og skuldabréf með háum meðaltíma falla meira í verði en skuldabréf með lágum meðaltíma, miðað við sömu breytingar á ávöxtunarkröfu.

Í skuldabréfum eru veitt loforð um endurgreiðslu. Breytanleg skuldabréf geta veitt loforð um endurgreiðslu í öðru formi en reiðufé. Fjárfestar skuldabréfa eru lánardrottinn fyrirtækis eða ríkis. Þeir njóta því ekki velgengni fyrirtækja þegar rekstur og markaðsaðstæður eru hagstæð að sama skapi og hluthafar þeirra, en hafa meiri kröfurétt til fyrirtækja þegar fyrirtæki lenda í rekstrar- og/eða greiðsluferfiðleikum. Það getur gerst að skuldarar með há lánsþæfismöt, sem almennt flokkast sem tryggir skuldarar, geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

III. Aðrir sérhæfðir sjóðir

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í öðrum sérhæfðum sjóðum, sbr. 6. tl. 89. gr. laga nr. 45/2020. Fjárfesting í sérhæfðum sjóðum eykur lausafjárahættu sjóðsins þar sem ekki kann að vera mögulegt að selja eignir í tæka tíð til þess að mæta innlausnum. Slíkar eignir kunna enn fremur að vera áhættusamar sem kann að auka áhættu sjóðsins frekar.

IV. Óskráð innlend verðbréf

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í óskráðum innlendum verðbréfum. Slíkar fjárfestingar eru sérstaklega áhættusamar. Þar sem slíkir fjármálagerningar og víxlar eru ekki skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði verður ekki virk verðmyndun með slíka fjármálagerninga og víxla. Upplýsingaskylda útgefenda óskráðra fjármálagerninga og víxla fer því eftir hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga og samþykktum viðkomandi útgefanda.

V. Áhætta tengd notkun afleiðna

Viðskipti með afleiður geta dregið úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingar- og vaxtaáhættu. Viðskiptin geta einnig virkað á svipaðan hátt og stöðutaka í viðkomandi fjármálagerningi og þannig aukið áhættu sjóðsins.

Afleiður sjóðsins geta verið í formi framvirkra samninga, valréttar og skiptasamninga, þ.m.t. heildarskiptasamninga. Verðmæti afleiðna breytist miðað við verðþróun á undirliggjandi fjármálagerningum og því getur sjóðurinn bæði hagnast og tapað á notkun afleiðna. Með framvirkum samningum skuldbindur sjóðurinn sig til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Þannig myndast skuldbinding í sjóðnum vegna þessara framtíðar viðskipta. Verðmæti framvirka samningsins sveiflast svo með breytingu á gengi undirliggjandi eignar og hefur þannig áhrif á innra virði sjóðsins.

Þá er athygli vakin á því að sjóðnum er heimilt að gera samninga um verðbréfalán gegn fullnægjandi tryggingum.

VI. Áhætta tengd verðbréfalánnum

Sjóðurinn getur gert samninga um verðbréfalán, þar sem sjóðurinn lánar verðbréf í eigu sjóðsins og mótaðili skuldbindur sig til að skila þeim aftur á tilteknum tíma. Forsenda slíkra samninga er að settar séu fullnægjandi tryggingar og er gert ráð fyrir að það sé alla jafna innlán eða ríkisskuldabréf. Áhættustýring fylgist með tryggingastöðu og kallar eftir frekari tryggingum ef þörf er á. Megináhættan sem tengist þessum samningum er sú að sá aðili sem fékk lánuð bréf hafi ekki skilað verðbréfum þegar

kemur að skiladegi. Tryggingar sem teknar eru eiga að mæta þeirri áhættu en ekki er útilokað að verðþróun á markaði verði svo skörp að tryggingar verði ófullnægjandi samhliða því að mótaðili sammings getur ekki efnt samning. Lögð er áhersla á það að gera ekki samning um verðbréfalán nema að burðir mótaðila til efnda séu metnir góðir.

VII. Aðrir áhættuþættir tengdir fjárfestingu í sjóðnum

- 1. Markaðsáhætta** – Sú áhætta sem er sameiginleg gagnvart heilum eignaflokki er markaðsáhætta. Henni er ekki hægt að verjast algerlega en hún minnkar eftir því sem eignasafn er dreifðara. Margir þættir geta haft áhrif á verðmyndun á markaði en snöggar breytingar á framboði eða eftirspurn á markaði getur haft veruleg áhrif á markaðsverðmæti eigna.
 - **Vaxtaáhætta** – Áhætta vegna breytinga á vöxtum. Vaxtabreytingar hafa áhrif á virði skulda- og hlutabréfa þannig að hærri vextir þýða öllu jöfnu lægra verð bréfa og öfugt.
 - **Gjaldmiðlaáhætta** – Ef eignir eru skráðar í ólíkum gjaldmiðlum þá hafa breytingar á gengi gjaldmiðla áhrif á virði eignanna mælt í mynt fjárfestis eða sjóðs. Þannig getur virði eignasafns breyst þó virði hvernar eignar sé óbreytt í þeirri mynt sem hún er skráð í.
- 2. Áhætta vegna fárra útgefenda** – Þegar fá félög og skuldabréfaflokkar eru skráð í Kauphöll Íslands, er ljóst að tækifæri sjóðsins til að fjárfesta í skráðum verðbréfum eru takmörkuð. Af þessu leiðir að fjárfesting í hverjum útgefanda kann að vera hærra hlutfall af sjóðnum en ella hefði verið, og líklegt að áhættudreifing sjóðsins, m.t.t. fjölda útgefenda, verði því ekki eins og best verður á kosið.
- 3. Greiðsluáhætta** – Þar sem sjóðurinn mun eiga, kaupa og selja fjármálagerninga af þriðja aðila er sú hætta fyrir hendi að kaupandi greiði ekki fyrir selda gerninga eða að seljandi afhendi ekki gerninga sem sjóðurinn hefur keypt.
- 4. Vörslu- og uppgjörsáhætta** – Rekstraraðili sjóðsins felur vörsluaðila vörslu allra fjármálagerninga sjóðsins. Sú áhætta er fyrir hendi að slíkir fjármálagerningar glattist vegna gjaldþrots vörsluaðila, vanrækslu vörsluaðila, misnotkunar af hans hálfu eða svika. Sú áhætta er fyrir hendi að mistök eigi sér stað við uppgjör sjóðsins.
- 5. Seljanleikaáhætta/lausafjárahætta** – Sú staða getur komið upp að ekki sé hægt eða erfitt sé að selja verðbréf eða peningamarkaðsskjöl þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að ekki séu til staðar kaupendur á markaði sem eru reiðubúnir að kaupa það magn verðbréfa eða peningamarkaðsskjala né á því verði sem ásættanlegt er á þeim tíma sem nauðsynlegt er að selja.
- 6. Frammistöðuáhætta** – Þar sem stýring sjóðsins telst virk getur árangur sjóðsins verið betri eða verri en ávöxtun almennt á markaði og felur það í sér frammistöðuáhættu.
- 7. Áhætta höfuðstóls** – Fjármálagerningar í eðli sínu geta sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýrnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn fjárfestir í á hverjum tíma. Þá fylgir því ávallt einnig áhætta að fjárfesta í hvers konar skuldaviðurkenningum að lántaki muni ekki geta endurgreitt þá skuld sem um ræðir hverju sinni.
- 8. Ytri aðstæður** – Ýmis ytri atvik sem ekki er hægt að sjá fyrir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Þættir eins og stríð, hryðjuverk og stjórnmálalegur óstöðugleiki eða annað því tengt geta haft áhrif á gengi fjármálagerninga og teljast því áhættuþættir fyrir sjóðsfélaga. Einnig þættir eins og breytt löggiöf Alþingis, reglur og reglugerðir sem stjórnvöld setja sem og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum.
- 9. Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánnum og öðrum lánveitingum sjóðsins** – Sú staða komið upp að sjóðurinn getur ekki fengið greidd til baka innlán sín hjá fjármálastofnun vegna lausafjávanda fjármálastofnunarinnar og þannig valdið sjóðnum sjálfum lausafjávandræðum sem getur komið niður á gengi hlutdeildarskírteina. Gengi hlutdeildarskírteina getur lækkað komi til

greiðslufalls verðbréfa, peningamarkaðsskjala eða innlána, til dæmis ef mótaðili getur ekki greitt vexti eða höfuðstól af útgefnum verðbréfum eða peningamarkaðsskjölum, eða greitt innlán til baka. Athygli er vakin á því að innlán sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki forgangs við slita- eða skiptameðferð fjármálafyrirtækja.

10. Verðbólguáhætta – Verðtryggð skuldabréf lágmarka þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu. Aukin verðbólga skerðir raunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa en verðtryggð skuldabréf fá verðtrygginguna.

1.16. Áhætta tengd sjálfbærni

Neðangreind umfjöllun tekur mið af ákvæðum reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“). SFDR öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. SFDR ber Akta sjóðum hf. að lýsa því hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir þeirra. Akta sjóðir hf. vegur og metur alla fjárfestingarkosti með tilliti til ávöxtunarmöguleika og áhættu. Við mat á áhættu eru meðal annars skoðaðir þættir eins og fjárhagslegur styrkur og vaxtarmöguleikar útgefanda, seljanleikaáhætta og sjálfbærniáhætta. Í áhættustefnu Akta sjóða hf. um sjálfbærni er fjallað um hvernig sjálfbærniáhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir. Með áhættu tengda sjálfbærni er átt við atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttu sem, ef það kemur upp, getur haft veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Fjárfestingarákvörðunarferli Akta sjóða hf. tekur einkum mið af sjálfbærniáhættu út frá tvenns konar sjónarhornum; annars vegar út frá atvinnugreinum og hins vegar út frá stökum útgefendum. Áhættustefna Akta sjóða hf. um sjálfbærni tilgreinir hvort tiltekna atvinnugreinar séu útilokaðar til að draga úr sjálfbærniáhættu.

Við mat á sjálfbærniáhættu einstakra útgefenda er litið til þess hvaða UFS þættir hafa mest áhrif á virði fjárfestingarinnar út frá eðli þeirra, atvinnugrein o.s.frv. Stuðst er við greiningarþjónustur til að meta sjálfbærniáhættu fjárfestingarkosta þegar við á. Tekið skal tillit til vísbendinga um áhættu tengda sjálfbærni þegar mat er lagt á viðkomandi fjárfestingarkosti. Vísbendingar um háa sjálfbærniáhættu útgefenda leiða þó ekki sjálfkrafa til útilokunar fjárfestingarkosta.

Á grundvelli b-liðar 1. mgr. 6. gr. SFDR ber Akta sjóðum hf. að lýsa niðurstöðum mats á líklegum áhrifum áhættu tengda sjálfbærni á ávöxtun sjóðsins. Akta sjóðir hf. gerir ráð fyrir að ýmsar tegundir sjálfbærniáhættu muni hafa neikvæð áhrif á vöxt og viðgang tiltekinna útgefenda í fjárfestingarmengi sjóðsins til lengri tíma. Sjálfbærniáhætta mun líkast til, eðli hennar vegna, aukast með tímanum. Hins vegar telur félagið að áhrif sjálfbærniáhættu á framtíðarávöxtun sjóðsins verði ekki umfram það sem gengur og gerist fyrir sambærilega fjárfestingarkosti. Líkur á slæmum áhrifum sjálfbærniáhættu minnka eftir því sem áhættan er betur felld inn í fjárfestingarákvarðanir, og Akta sjóðir hf. telur að aðgerðir í fjárfestingarferli félagsins muni að jafnaði yfir lengri tímabil draga úr sjálfbærniáhættu. Akta sjóðir hf. getur þó ekki tryggt að þessar aðgerðir félagsins beri árangur.

Tekið skal fram að sjóðir í rekstri Akta sjóða hf. uppfylla ekki skilyrði þess að efla umhverfislega eða félagslega þætti, né heldur hafa sjálfbæra fjárfestingu að markmiði, skv. 8. og 9. gr. SFDR.

Athugið að fjárfestingarnar sem eru undirliggjandi þessari fjármálaaferð taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Jafnframt mun sjóðurinn að svo stöddu ekki taka tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana sinna á sjálfbærniþætti í skilningi SFDR.

1.17. Upplýsingagjöf vegna SFTR

Í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins nr. 2015/2365 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 („SFTR“) sem leidd hefur verið í íslenskan rétt með lögum nr. 41/2023 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, er sjóðnum skylt að veita fjárfestum ítarlegar upplýsingar um þátttöku sína í slíkum viðskiptum sem og um notkun heildarskiptasamninga en þær upplýsingar eru settar fram í viðauka II við útboðslýsingu þessa.

1.18. Mat á eignum

Mat á eignum sjóðsins fer eftir lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt 26. gr. laganna skulu eignir sjóðsins á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti samkvæmt gildandi reglugerð á hverjum tíma. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum viðskiptavettvangi skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs viðskiptavettvangs. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati ytri matsaðila sem rekstraraðili hefur skipað en rekstraraðili ber ábyrgð á að mat eigna sérhæfðs sjóðs og útreikningur hreinnar eignar hvers hlutdeildarskírteinis eða hlutar sé fullnægjandi óháð því að mat hafi verið framkvæmt af ytri matsaðila. Verðmat er háð eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

1.19. Sölu- og innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, árangurstengdri þóknun, innheimtukostnaði, og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

Nýtt innlausnarvirði reiknast í lok hvers viðskiptadags.

Kvika banki hf. annast skráningu á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi lítt seljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur verðmatsnefnd félagsins, sem skipuð er óháðum aðilum, umsjón með verðmati á slíkum eignum undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

Þóknun vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini fer eftir gjaldskrá Akta sjóða hf. á hverjum tíma. Í töflunni hér fyrir neðan er að finna upplýsingar um umsýsluþóknun og þóknunir vegna árangurstengingar Akta Virðis I.

Enginn gengismunur er á kaup- og sölugengi Akta Virðis I, og því sama kaupgengi (innlausnarvirði) og sölugengi. Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað út daglega og að jafnaði birt daglega, en eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Umsýsluþóknun	Árangurstenging
1,5%	20%

Afgreiðslugjald vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini sjóðsins er samkvæmt gjaldskrá hvers vörsluaðila fyrir sig.

1.20. Upplýsingar um þóknun er sjóðurinn greiðir rekstraraðila, vörsluaðila eða þriðja aðila

Akta Virði I greiðir rekstraraðila umsýsluþóknun fyrir rekstur sjóðsins sem er ákveðið hlutfall af hreinni eign sjóðsins. Í rekstri sjóðsins felast fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins,

útreikningur á innlausnarvirði, umsýsla og eftirlit, þjónusta við eigendur o.fl. Umsýsluþóknun er reiknuð á ársgrundvelli en er reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Umsýsluþóknun er greidd mánaðarlega af verðmæti útistandandi hlutdeildarskírteina eða annarri staðfestingu á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins í mánaðarlok. Umsýsluþóknun er 1,5% af hreinni eign sjóðsins skv. töflu að framan.

Akta Virði I greiðir rekstraraðila árangurstengda þóknun að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Sú þóknun rennur til Akta sjóða hf. en hún reiknast af daglegri ávöxtun sjóðsins umfram ákveðið viðmið. Við útreikning á þóknuninni er tekið mið af hlutfallslegri breytingu hreinnar eignar í upphafi og lok dags að teknu tilliti til kaupa og innlausna í sjóðnum og viðmiðs um ávöxtun.

Árangurstengda þóknun skal reiknuð út samkvæmt eftirfarandi:

Árangurstengd þóknun = Ávöxtun umfram viðmið_t x Árangurstenging x Virði útistandandi hlutdeildarskírteina_t

Ávöxtun umfram viðmið_t: $\text{MAX}[(\text{NAV}_t / \text{NAV}_{t_0}) - (V_t / V_{t_0}), 0]$

NAV_t: Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins á tíma t, áður en tekið er tillit til árangurstengdrar þóknunar

V_t: Gengi viðmiðs á tíma t.

Árangurstenging: 20%.

Virði útistandandi hlutdeildarskírteina_t: Fjöldi hlutdeildarskírteina sjóðsins á tíma t x NAV_t

t₀: Miðast við það sem nær er í tíma, a) síðustu ársfjórðungsmót þegar skilyrði til greiðslu árangurstengdrar þóknunar voru uppfyllt eða b) þeirrar dagsetningar sem kaup í sjóðnum áttu sér stað. Hver kaup í sjóðnum hafa sinn viðmiðunardag (t₀) og því getur hver sjóðsfélagi verið með fleiri en einn viðmiðunardag, hafi hann keypt í sjóðnum oftár en einu sinni.

Til þess að árangurstengd þóknun verði greidd þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt. Það fyrra er að gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins þarf að vera hærra en gengi viðmiðs, þ.e. NAV_t > V_t. Það seinna er að gengi sjóðsins þarf að vera hærra en síðasta ársfjórðungslega hágildi, eða hærra en gengið þegar kaup áttu sér stað í sjóðnum, hvort sem nær er í tíma. Við upphaf hvers viðmiðunartímabils er NAV_{t₀} og V_{t₀} jafnað.

Árangurstengd þóknun er reiknuð og færð til skuldar daglega. Þóknunin er þó aðeins gerð upp í lok hvers ársfjórðungs nema innlausn hafi átt sér stað fyrir ársfjórðungslök, en þá greiðist þóknunin við innlausn.

Viðmið miðast við hliðstæða fjárfestingu sem uppreiknast m.v. hlutabréfavísitölu Nasdaq OMX Nordic Iceland, OMXI15GI, OMX Iceland 15 GI, (IS0000018893) sem er birt og ákveðin af Nasdaq OMX Nordic Iceland. (Bloomberg: OMXI15GI). Ef vísitalan er lögð niður skal miða við sambærilega vísitölu þangað til að reglum sjóðsins er breytt í samræmi við nýja vísitölu.

OMXI15GI vísitalan inniheldur hlutabréf fimmtán fyrirtækja skráð á Nasdaq OMX Nordic Iceland sem hvað mest viðskipti eru með á íslenska markaðnum. Samsetning félaganna fimmtán er endurskoðuð tvisvar sinnum á ári. Vísitalan er markaðsvegin og flotleiðrétt. Vísitalan mælir heildarávöxtun, þ.e. arðgreiðslur eru endurfjárfestar í vísitölunni.

Árangurstengd þóknun er reiknuð af vörsluaðila sjóðsins. Ytri endurskoðandi rekstraraðila staðfestir reikniðferðir og útreikninga.

Athygli fjárfesta er vakin á því að framangreind árangurstengd þóknun byggir á hagnaði sjóðsins yfir tiltekið tímabil hvort sem hagnaður er innleystur eða óinnleystur. Jafnframt því að árangurstengd þóknun kann að vera greidd af óinnleystum hagnaði sem kann aldrei að verða innleystur, svo sem vegna verðbreytinga.

Beinn kostnaður sem fellur til vegna reksturs og umsýslu fyrir Akta Virði I, svo sem vegna umsjónar og vörslu fjármálagerninga, bókhalds, kostnaðar vegna fjármálaeftirlits, fjármálakerfa annarra en eignastýringarkerfa, kostnaðar vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og pósts- og pappírskostnaðar og annars slíks verða greidd af sjóðnum (upptalningin er ekki tæmandi).

Sjóðurinn fjárfestir ekki í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri umsýslu- og stjórnunarkostnað en 5,0%. Með umsýslu- og stjórnunarkostnaði er átt við fastan kostnað sjóðsins.

Öll gjöld og þóknunir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

Birt gengi Akta Virðis I tekur tillit til umsýsluþóknunar og árangurstengdrar þóknunar.

Á heimasíðu Akta sjóða, www.akta.is er að finna upplýsingar um gengi sjóða í rekstri félagsins.

2. Upplýsingar um rekstraraðila

2.1. Heiti, rekstrarform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa

Rekstraraðili Akta Virðis I heitir Akta sjóðir hf., kt. 430713-0940, með skráða skrifstofu og aðalskrifstofu að Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Ísland.

2.2. Stofndagur

Akta sjóðir hf. var stofnað 27. júní 2013.

2.3. Heimildir rekstraraðila, aðrir sjóðir sem rekstraraðili annast rekstur á o.fl.

Akta sjóðir hafa fengið starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess hefur félagið starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Þá hefur félagið fengið viðbótarstarfsheimildir sem taka til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og móttöku og miðlunar fyrir mæla varðandi fjármálagerninga skv. 1., 2., og 4. tölul. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020.

Akta sjóðir annast einnig rekstur verðbréfasjóðsins Akta Ríkis hf., sjóðanna Akta Alviðru hs., Akta Stutt Skuldabréf hs., Akta Vaxtataækifæris hs., Akta Stokks hs. og Akta Lausafjár sjóðs hs., sem eru sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta, auk sjóðanna Akta HS1 hs., Akta HL1 hs., Akta SK1 hs., Akta HS2 slhf., Akta Large Cap slhf., Akta Virðis slhf., EF 54 og VS-101 sem eru sérhæfðir sjóðir fyrir fagfjárfesta.

Rekstraraðili skal ávallt starfrækja sérhæfða sjóði í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur með hagsmunum sérhæfðra sjóða sem hann rekur, fjárfesta þeirra og heilleika markaða að leiðarljósi, sbr. 19. gr. laga nr. 45/2020.

2.4. Nöfn og staða stjórnar, varastjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila auk upplýsinga um helstu störf utan rekstraraðila.

Stjórn félagsins skipa eftirtaldir aðilar:

Nöfn stjórnarmanna	Kennitala	Starf utan stjórnar
Agla Elísabet Hendriksdóttir	300167-5869	Framkvæmdastjóri EQ ehf.
Daníel Pálmason	131284-2769	Framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála Lucinity Group ehf.
Jóhann Gunnar Jóhannsson	060373-3889	Forstjóri Securitas
Nöfn varamanna stjórnar		
Rakel Eva Sævarsdóttir	031286-3289	Framkvæmdastjóri sjálfbærni hjá Seven Glaciers
Erna Guðný Aradóttir	180492-2679	Verkefnastjóri hjá Novo Nordisk
Nafn framkvæmdastjóra		
Örn Þorsteinsson	060579-5209	

2.5. Nafn og heimilisfang löggiltra endurskoðenda rekstraraðila

Endurskoðendur Akta sjóða hf. eru Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

2.6. Hlutfé og hve mikið hefur verið greitt

Hlutfé Akta sjóða hf. er 95.000.000 kr. og hefur allt verið greitt með peningum.

3. Upplýsingar um vörsluaðila

3.1. Heiti og félagsform

Vörsluaðili verðbréfasjóðsins heitir Kvika banki hf., kt. 540502-2930. Kvika banki hf. er hlutfélag sem starfar samkvæmt lögum um hlutfélag, nr. 2/1995, og lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

3.2. Skráð skrifstofa

Skráð skrifstofa Kvikubanka hf. er að Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

3.3. Meginstarfsemi og hlutverk vörsluaðila

Megintilgangur Kvikubanka hf. er að veita fjármálaþjónustu.

Hlutverk vörsluaðila er m.a. umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðs og eftirlit.

Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020 skal umsjá og varðveisla fjármálagerninga sérhæfðs sjóðs falin vörsluaðila sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Fjármunum sérhæfðs sjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörsluaðila. Vörsluaðili skal:

1. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sjóðs fari samkvæmt lögum og reglum hlutaðeigandi aðila,
2. Tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur hlutaðeigandi aðila,
3. Framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hlutaðeigandi aðila

4. Tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. Tryggja að tekjum sjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart rekstraraðila og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 42. gr. laga nr. 45/2020.

Rekstraraðili getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðila sjóðsins og skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu og hlutdeildarskírteinis höfum um slíkar breytingar.

4. Aðrar upplýsingar

4.1. Tilgreining á verkefnum sem heimilað hefur verið að úthýsa

Akta sjóðir hf. hafa útvistað eftirfarandi verkefnum til Kviku banka hf., með skriflegum útvistunarsamningum og tilkynnt Fjármálaeftirlitinu, samkvæmt 29. gr. laga nr. 45/2020:

- Bókhalds- og uppgjörþjónusta
- Hlutaskrá og rafræn skráning
- Vörsluþjónusta, umsýsla og uppgjör viðskipta
- Innheimta
- Skýrsluskil til opinberra aðila og stjórnar
- Útvistun tiltekinna verkefna, þ.m.t. viðhald skráa yfir eigendur hlutdeildarskírteina, eftirlit með útreikningi innlausnarvirðis, útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina, uppgjör viðskipta, varsla hlutdeildarskírteina og gagna um viðskipti.

Til viðbótar við framangreint veitir Kvika rekstraraðila tiltekna þjónustu í tengslum við starfsheimildir hans skv. 1., 2., og 4. tölul. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020 skv. skriflegum samningi þar um.

Þá hefur eftirfarandi útvistun verkefna jafnframt verið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu:

- Útvistun innri endurskoðunar og regluvörslu.
- Útvistun upplýsingakerfis sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2019.

Félagið hefur einnig útvistað launavinnslu til Deloitte ehf. með samningi þar um og hefur Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt um útvistunina.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 45/2020 hefur útvistun verkefna ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstraraðila gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

4.2. Upplýsingar um aðila rekstraraðila sem veita ráðgjöf samkvæmt samningi sem greitt er fyrir af eignum sjóðsins

Rekstraraðili hefur gert samning við KPMG ehf. í tengslum við ráðgjöf við verðmat lítt seljanlegra eigna. Að öðrum leyti hafa ekki verið gerðir samningar við utanaðkomandi aðila um neina tegund af ráðgjöf en mun aftur á móti eins og önnur félög kaupa sérfræðiþjónustu af þar til bærum aðilum gerist þess þörf.

4.3. Upplýsingar um sjóðinn, m.a. fyrri árangur

Í samræmi við 47. gr. laga nr. 45/2020 verður fjárfestum í sjóðnum reglulega veittar upplýsingar um áhættusnið og aðrar upplýsingar sem hluti af ársreikningi eða í reglubundnum tilkynningum sjóðsins til fjárfesta. Upplýsingar þessar veita Akta sjóðir hf. a.m.k. árlega.

Upplýsingar um fyrri árangur og eignasamsetningu sjóðsins er að finna á heimasíðu Akta sjóða hf. Við útreikning á ávöxtun er tekið tillit til gjalda og þóknana. Ávöxtun sjóðsins er í íslenskum krónum.

Ávallt er rétt að vekja athygli fjárfesta á því að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

4.4. Þóknun/kostnaður

Akta Virði I greiðir Akta sjóðum hf. umsýsluþóknun fyrir rekstur sjóðanna, sbr. útlístun að framan. Umsýsluþóknunin er ákveðið hlutfall af hreinni eign sjóðsins. Umsýsluþóknunin er greidd Akta sjóðum hf. til að standa straum af umsýslu ýmis konar, þ.e. lögfræðipjónustu, útreikningi á innlausnarvirði, eftirliti, viðhaldi skráa yfir eigendur hlutdeildarskírteina, þjónustu við fjárfesta o.s.frv. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þá kostnaðarliði sem eiga við um sjóðinn:

Umsýsluþóknun	Árangurstengd þóknun
1,5%	20,0%

Reglur Akta Virðis I kveða á um árangurstengda þóknun í sjóðnum að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum sbr. útlístun að framan. Sú þóknun rennur til Akta sjóða hf. en hún reiknast af daglegri ávöxtun sjóðsins umfram ákveðið viðmið og nemur 20%. Við útreikning á þóknuninni er tekið mið af hlutfallslegri breytingu hreinnar eignar í upphafi og lok dags að teknu tilliti til kaupa og innlausna í sjóðnum og viðmiðs um ávöxtun.

Árangurstengd þóknun er reiknuð og færð til skuldar daglega. Þóknunin er þó aðeins gerð upp í lok hvers ársfjórðungs nema innlausn hafi átt sér stað fyrir ársfjórðungslök, en þá greiðist þóknunin við innlausn.

4.5. Dómstólar og málaferli

Mál sem kunna að rísa vegna hlutdeildarskírteina skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Hvorki Akta sjóðir hf. né Akta Virði I eiga í málaferlum.

5. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Lög nr. 45/2020 gera kröfu um að rekstraraðili upplýsi fjárfesti um eðli og ástæður mögulegra hagsmunaárekstra. Í rekstri rekstraraðila sérhæfðra sjóða geta komið upp aðstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, rekstraraðila eða sjóðs eru ekki hinir sömu og rekstraraðili er í aðstöðu til þess að láta einn aðila njóta betri kjara eða fyrirgreiðslu á kostnað annars. Þannig geta eigin viðskipti starfsmanna, stjórnarmanna eða tengdra aðila valdið hagsmunaárekstrum, t.d. vegna viðskipta sjóðsins með sömu verðbréf. Þá getur verið hættu á hagsmunaárekstrum á milli sjóða í stýringu vegna fyrirhugaðra fjárfestinga. Rekstraraðili hefur fengið heimild til að sinna eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi fjármálagerninga, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020, sem kann að valda hættu á hagsmunaárekstrum milli fyrrgreindra aðila. Þannig kunna rekstraraðili, starfsmenn rekstraraðila eða tengdir aðilar, sem sinna móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi fjármálagerninga, fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringu, að hafa hagsmuni af því að viðskiptavinur fjárfesti í sjóðum Akta umfram aðra sjóði. Reglum rekstraraðila um hagsmunaárekstra er ætlað að takmarka hættu á hagsmunaárekstrum og hugsanleg neikvæð áhrif af slíkum aðstæðum. Reglurnar eru aðgengilegar á vefsíðu rekstraraðila, akta.is.

Viðauki I

Um fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta

Um fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfestaer fjallað í B. hluta X. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða:

B. Fjárfestingarheimildir.

■ 89. gr. *Fjármálagerningar og innlán.*

Fjárfestingarheimildir taka til [sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ eða til einstakra deilda hans sé hann deildaskiptur. [Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.

2. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, [sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ og annarra sérhæfðra sjóða enda sýni rekstraraðili [sérhæfða sjóðsins fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir sérhæfðu sjóðir lúti sambærilegu eftirliti og [sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta], ¹⁾ samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð með sambærilegum hætti og í [sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta], ¹⁾ einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin séu út ársreikningur og árshlutauppgjör a.m.k. á sex mánaða fresti.

3. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan EES. Þó er [sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan EES sýni hann með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins fram á að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan EES. Innlán samkvæmt þessum tölulíð verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánsseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.

4. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum [markaði í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga] ²⁾ eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan EES sem er opin almennungi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan [eða hafa verið skráðar eða teknar til viðskipta á skipulegum markaði í ríki utan EES eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan EES sem er opin almennungi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan]. ¹⁾ Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem [sérhæfða sjóðnum fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.

5. Afleiðum utan skipulegra [markaða]. ²⁾ Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem [sérhæfða sjóðnum fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar [sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.

6. Öðrum sérhæfðum sjóðum en skv. 2. tölul.

¹⁾[L. 116/2021, 137. gr.](#) ²⁾[L. 115/2021, 148. gr.](#)

■ 90. gr. *Aðrar eignir.*

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

¹⁾[L. 116/2021, 137. gr.](#)

■ **91. gr.** *Yfirtaka eigna og hrávörur.*

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

¹⁾[L. 116/2021, 137. gr.](#)

■ **92. gr.** *Afleiðuviðskipti.*

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi að samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í þessum kafla. Eftirlitskerfi rekstraraðila skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra [markaða]. ²⁾

[Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að [sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

¹⁾[L. 116/2021, 137. gr.](#) ²⁾[L. 115/2021, 148. gr.](#)

■ **93. gr.** *Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum.*

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er heimilt að binda að hámarki:

1. 20% af eignum sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum, skráðum á skipulegum [markaði], ²⁾ útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda.

2. 30% af eignum sjóðs í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.

3. 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra [markaða] ²⁾ ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan EES eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan EES sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt.

4. 35% af eignum sjóðs í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum [sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta]. ¹⁾

5. 20% af eignum sjóðs í sama verðbréfasjóði, [sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ eða öðrum sérhæfðum sjóði skv. 2. tölul. 89. gr.

6. 20% af eignum sjóðs í sérhæfðum sjóðum skv. 6. tölul. 89. gr.

7. 10% af eignum sjóðs í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda.

Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánnum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt ákvæði þessu.

Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstraraðila eða móðurfélagi hans, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af hópi tengdra viðskiptamanna í skilningi laga um fjármálafyrirtæki skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins. Um skyldu rekstraraðila til þess að

tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað [sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 4. tölul. 1. mgr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Slíkar fjárfestingar skulu dreifast á a.m.k. sex mismunandi útgáfur og má fjárfesting í einni og sömu útgáfunni ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum [sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta]. ¹⁾ Skýrt skulu koma fram í reglum [sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréfa- eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í.

¹⁾[L. 116/2021, 137. gr.](#) ²⁾[L. 115/2021, 148. gr.](#)

■ **94. gr.** *Takmarkanir á eignasafni.*

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi.
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa.
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og sérhæfðra sjóða.
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.

[Heimilt er að víkja frá þeim hámarkum sem mælt er fyrir um í 1.–4. tölul. 1. mgr. á þeim tíma sem gerninganna er aflað ef ekki er unnt á þeim tíma að reikna heildarfjárhæð skuldabréfa eða peningamarkaðsgerninga eða hreina fjárhæð útgefinna verðbréfa.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga sem ríki innan EES eða sveitarfélög aðildarríkja eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast eða alþjóðastofnanir sem eitt eða fleiri ríki EES eru aðilar að gefa út.] ²⁾

¹⁾[L. 116/2021, 137. gr.](#) ²⁾[L. 64/2023, 11. gr.](#)

■ **95. gr.** *Lán, ábyrgðir og skortsala.*

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. og 92. gr. Þó er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga þessara sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir skv. 2. og 3. másl. skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins.] ¹⁾

[Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem [sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

¹⁾[L. 116/2021, 137. gr.](#)

■ **96. gr.** *Ráðstafanir til úrbóta.*

Fari fjárfesting [sérhæfðs sjóðs fyrir almenna fjárfesta] ¹⁾ fram úr hámarkum samkvæmt þessum kafla skal rekstraraðili þegar í stað gera ráðstafanir til úrbóta og tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar þar um.

Ráðstafanir til úrbóta skulu gerðar í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu hlutdeildarskírteinishafa.

¹⁾[L. 116/2021, 137. gr.](#)

Viðauki II Upplýsingagjöf vegna SFTR

Fjármögnunarviðskipti með verðbréf, eins og þau eru skilgreind í SFTR, taka til eftirfarandi tegunda viðskipta:

- a) Endurhverf viðskipti (e. repurchase transaction): Viðskipti samkvæmt samningi þar sem mótaðili framselur verðbréf, hrávörur eða tryggð réttindi, í tengslum við eignarrétt á verðbréfum eða hrávörum, ef viðurkenndur verðbréfamarkaður, sem á réttinn á verðbréfunum eða hrávörunum, veitir viðkomandi ábyrgð og samningurinn heimilar ekki mótaðila að framselja eða veðsetja tiltekið verðbréf eða hrávöru til fleiri en eins mótaðila í senn, með fyrirvara um skuldbindingu um endurkaup á þeim, eða verðbréfum og hrávörum sömu gerðar, á tilgreindu verði á ákveðnum degi síðar, sem framseljandi tilgreinir eða mun tilgreina, og er hér um að ræða endurhverf verðbréfakaup fyrir mótaðilann sem selur verðbréfin eða hrávörunar og endurhverfa verðbréfasölu fyrir mótaðilann sem kaupir þau.
- b) Verðbréfa- eða hrávörulánveiting og verðbréfa- eða hrávörulántaka (e. securities or commodities lending or securities or commodities borrowing): Öll viðskipti sem felast í því að mótaðili framselur verðbréf eða hrávörur með því skilyrði að lántakandinn skili aftur jafngildum verðbréfum eða hrávörum síðar, eða þegar framseljandi krefst þess, og er hér um að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu fyrir mótaðilann sem framselur verðbréfin eða hrávörunar og verðbréfa- eða hrávörulántöku fyrir mótaðilann sem þau eru framseld til.
- c) Kaup/endursala (e. buy-sell back transaction) eða sala/endurkaup (e. sell/buy-back): Viðskipti þar sem mótaðili kaupir eða selur verðbréf, hrávörur eða tryggð réttindi, í tengslum við eignarrétt á verðbréfum eða hrávörum, og samþykkir, eftir því sem við á, að selja aftur eða kaupa aftur verðbréf, hrávörur eða tryggð réttindi sömu gerðar á tilgreindu verði á ákveðnum degi síðar, og er hér um að ræða kaup/endursölu fyrir mótaðilann sem kaupir verðbréfin, hrávörunar eða tryggðu réttindin og sölu/endurkaup fyrir mótaðilann sem selur þau, og slík kaup/endursala eða sala/endurkaup falla ekki undir endurhverf viðskipti í skilningi a. liðar hér að ofan.
- d) Viðbótarlánveiting vegna kaupa/sölu verðbréfa (e. margin lending transaction): Viðskipti þar sem mótaðili veitir lánaþyrirgreiðslu í tengslum við kaup, sölu, eigu eða viðskipti með verðbréf en felur ekki í sér önnur lán sem eru tryggð með veði í formi verðbréfa.

Samkvæmt reglum Akta Virðis I hs. hefur sjóðurinn heimild til verðbréfalántöku skv. b) lið hér að ofan.

Heildarskiptasamningur (e. total return swap) er afleiðusamningur eins og hann er skilgreindur í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þar sem einn mótaðili framselur öðrum mótaðila allan efnahagslegan ávinning, þ.m.t. tekjur af vöxtum og þóknunum, ávinning og tap vegna verðbreytinga og útlánatap, af tilgreindri skuldbindingu.

Eins og fram kemur í gr. 1.14 um fjárfestingarstefnu sjóðsins, nýtir sjóðurinn sér afleiður, þar með talið heildarskiptasamninga, í þeim tilgangi að annars vegar draga úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingaráhættu og vaxtaáhættu, en hins vegar framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi.

Öll ávöxtun af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og heildarskiptasamningum rennur óskipt til sjóðsins.

Mótaðili í heildarskiptasamningum er að jafnaði íslenskt fjármálafyrirtæki, en þó ávallt fjármálafyrirtæki innan EES eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan EES sem lýtur eftirliti sem

Fjármálaeftirlitið telur gilt. Við val á mótaðila er litið til ýmissa þátta, s.s. upprunals, lánsþæfismats, viðskiptakjara og viðskiptasögu.

Tryggingar sem sjóðurinn leggur fram vegna heildarskiptasamninga eru að jafnaði varðveittar á vörslureikningi sem er handveðsettur mótaðila, en það kann þó að vera breytilegt eftir veðandlagi og mótaðila.

Umfang fjármögnunarviðskipta með verðbréf samkvæmt framangreindu getur samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins verið allt að 50% af hreinni eign sjóðsins og með heildarskiptasamninga allt að 20% af hreinni eign sjóðsins. Áætlað hlutfall heildarskiptasamninga af heildareignum sjóðsins er á bilinu 0-10% en umfang er breytilegt og ræðst m.a. af markaðsaðstæðum hverju sinni. Áætlað hlutfall af verðbréfalántöku er 0-5%, en umfang er breytilegt og ræðst m.a. af markaðsaðstæðum hverju sinni.

Áhættuþættir vegna SFTR

- **Markaðsáhætta:** Sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga sem eru undirliggjandi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf eða heildarskiptasamningum.
- **Mótaðilaáhætta:** Hættan á því að mótaðili í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf eða heildarskiptasamningum standi ekki við samningsbundnar skuldbindingar sínar að fullu. Áhættan verður meiri eftir því sem mótaðilinn er óáreiðanlegri stofnun.
- **Vaxtaáhætta:** Sú áhætta að breytingar á vaxtakjörum hafi óhagstæð áhrif á virði heildarskiptasamnings eða samnings um viðbótarlán vegna kaupa á verðbréfum.
- **Skuldsetningaráhætta:** Fjármögnunarviðskipti með verðbréf eða heildarskiptasamninga fela oft í sér skuldsettar stöður, þar sem sjóðir taka reiðufé eða verðbréf að láni. Slíkar stöður eru mun næmari fyrir breytingum á gengi undirliggjandi fjármálagernings en ef um óskuldsetta stöðu væri að ræða. Ef verðmæti trygginganna lækkar/fellur getur verið að sjóðnum verði gert að leggja fram viðbótartryggingar eða standa frammi fyrir veðköllum sem leiða til nauðungarsölu eða gjaldþrotaskipta á óhagstæðu verði.
- **Seljanleikaáhætta:** Sú áhætta að fjárfestir geti ekki auðveldlega selt eða keypt ákveðinn fjármálagerning sem er undirliggjandi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og/eða heildarskiptasamningi á tilteknum tímapunkti eða geti einungis gert það á kjörum sem eru umtalsvert lakari en gengur og gerist á virkum markaði á hverjum tíma. Þetta getur stafað af ýmsum þáttum, svo sem óvirkum markaði með tiltekinn fjármálagerning, stærð samnings og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á framboð og eftirspurn og hegðun markaðsaðila.
- **Vörsluáhætta:** Sú áhætta að eignir í vörslu vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf og/eða heildarskiptasamninga geti tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða svíksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.
- **Laga- og reglugerðaráhætta:** Sú áhætta að stjórnvöld geri breytingar á núgildandi lögum eða reglugerðum sem hefðu neikvæð áhrif á fjármögnunarviðskipti með verðbréf og/eða heildarskiptasamninga.